

Fundargerð

*16. fundur í umhverfis- skipulags og bygginganefnd.
Miðvikudaginn 16. apríl kom USB saman til fundar að Fjarðarvegi 3, 680 Þórshöfn.*

Mætt. Sigurður Jóhannes Jónsson, Vífill Þorfinnsson, Sóley Indriðadóttir, Jóhanna Helgadóttir og Áki Guðmundsson um síma. Einnig sátu fundinn Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra um síma og Indriði Þóroddsson einnig um síma.

Fundur hófst kl. 12.05.

Dagskrá.

- 1. Mál. Hreinsunardagur.**
- 2. Mál. Fyrirliggjandi erindi.**
- 3. Mál. Undirbúningur vegna flokkunar sorps.**
- 4. Mál. Önnur mál.**

1. Hreinsunardagur:

Ákveðinn 24. eða 30. maí, með svipuðu sniði og venjulega.

2. Fyrirliggjandi erindi.

- Hestamannafélagið Snæfaxi, erindi frá hreppsnefndarfundi 25. jan. s.l. tekið til umræðu, er í vinnslu.
- Landsskrifstofa Staðardagskrár 21, erindi frá hreppsnefndarfundi 25. jan. s.l. tekið til umræðu. Samþykkt að fá fulltrúa frá landsskrifstofu Staðardagskrá 21 til fundar.
- Niðurstöður atvinnuáráðstefnunnar verða teknar fyrir á sérstökum fundi.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs. Erindi frá hreppsnefndarfundi 29. feb. s.l. Nefndin gerir ekki athugasemd við þetta.
- Vélhjólaklúbbur. Erindi frá hreppsnefndarfundi 1. apríl s.l. Ákveðin vettvangsskoðun og afgreiðsla á næsta fundi USB. Fyrir næsta fund yrði einnig skoðað að afgreiða svipaða aðstöðu á Bakkafirði. Verkefninu vísað í yfirstandandi skipulagsvinnu.
- Fyrirspurn til Langanesbyggðar um lóð undir hesthús. Sveitarstjóra falið að svara erindinu með vísan til deiliskipulags.

3. Undirbúningur vegna flokkunar sorps.

“ Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð 2005 – 2020 ” 4.gr.

Tillögur um aðgerðir 4.1. Tillögur fyrir Langanesbyggð. Nefndin mun kynna sér þessi

gögn og málið tekið fyrir aftur á næsta fundi sem ákveðinn hefur veri þann 23. apríl
n.k. kl. 17:00

4. Önnur mál.

Sveitarstjóri dreifði gögnum frá Cornelis Aart Meyles, Umhverfisstofnun, um meðhöndlun úrgangs í Langanesbyggð, fortíð, nútíð, framtíð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13.30.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.